

## AUGLÝSING um deiliskipulag í Akraneskaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Dalbrautar - Þjóðbrautar.*

Á fundi bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar sem haldinn var þann 8. maí 2007, var samþykkt deiliskipulagsbreyting á reit Dalbrautar - Þjóðbrautar.

Breytingin felst m.a. í að á lóð nr. 1 við Þjóðbraut er byggingarmagn aukið, íbúðum fjölgað og hús hækkað úr 6 í 8 hæðir. Byggingarmagn á lóð nr. 5-7 minnkar hins vegar.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var auglýst skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

*Akranesi, 10. júlí 2007.*

**Guðný J. Ólafsdóttir,**  
fulltrúi sviðsstjóra tækni- og umhverfissviðs.

---

B-deild – Útgáfud.: 11. júlí 2007